



Stjórnarfundur 1 miðvikudaginn 25. maí 2011 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt: Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Hreggviður Norðdahl, Valdimar Hafsteinsson.

Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson, Svala Vignisdóttir og Óskar Hauksson.

Dagskrá

- Dagskrá
- Verkaskipting stjórnar BLÍ
- Nefndaskipan
- Næsta keppnistímabil
 - Stigagjöf
 - Tæknihlé
 - Dómaragreiðslur
 - Deildir og dagsetningar
- Fjármál
- Önnur mál

Fundargerð

Jason býður stjórnarmenn og varastjórn velkomin á þennan fyrsta stjórnarfund BLÍ á þessu starfsári.

Verkaskipting stjórnar BLÍ

- ✓ Stefán varaformaður, Svala ritari, Aðalsteinn Eymundsson nýr gjaldkeri sambandsins. Þá er Kristján Geir meðstjórnandi. Varastjórn er skipuð þeim Hreggviði Norðdahl, Óskari Haukssyni og Valdimar Hafsteinssyni.

Nefndaskipan

- ✓ Mótanefnd: Framkvæmdastjóri BLÍ, einn að norðan og einn að austan. Jason grípur inn í stór mál
- ✓ Yngriflokkanefnd: Guðrún Kristín Einarsdóttir
- ✓ Landsliðsnefnd: Stefán Jóhannesson
- ✓ Dómaranefnd: Jón Ólafur Valdimarsson

Næsta keppnistímabil

- ✓ Ársþingið lagði til að endurskoða stigagjöfina. Umræða um þetta var nokkur á fundinum og ákveðið að skoða málið betur og taka upp á fundi í ágúst.
- ✓ Ársþingið lagði til að endurskoða tæknileikhlé í efstu deild karla og kvenna. Nokkur umræða var um þetta. Ákveðið að afnema tæknileikhlé í deildakeppni og bikarkeppni.
- ✓ Greiðslur til dómara: Erfitt að manna leiki þar sem þeir sjá sér ekki hag í því að dæma fyrir of lítinn pening. Kom upp hugmynd um að dómaragjöld yrðu:
 - 6.500 kr. í efstu deild
 - 4.500 kr. í 2. deild og úrslitakeppni 2. deildar,
 - óbreytt í 3. og 4. deild (kr. 2000 per leik).
- ✓ Samþykkt. Greiðsla í bikarum verði 7000 í undanúrslitum og 8000 í úrslitum. Úrslitakeppni Íslandsmóts efstu deilda verði eins og í bikarum.

- ✓ Aðeins var rætt að koma á skýrum reglum um umbun dómara sem dæma mest. Smá upphæð fyrir það úr dómarasjóði t.d., svona einhverskonar "bónus" í lokin.
- ✓ Deildir og dagsetningar – bréf verður samið og sent til stjórnar fyrir helgi og félaganna í kjölfarið á samþykkt stjórnar.

Fjármál

- ✓ Farið yfir Byr mál. Samþykkja að greiða skuldina niður í áföngum með afborgunarsamningi við BYR en borga 1/3 núna. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri sjá um að klára þetta mál.

Önnur mál

- ✓ Tæknifundur hjá NEVZA þann 3. júní. Jí fer á fundinn.
- ✓ Úrskurður aganefndar lesinn upp. Jason Ívarsson skrifar bréf til leikmannsins og blakdeilda HK og þróttar Nes.
- ✓ Evrópuþing verður í september. Jason Ívarsson mun fara í þessa ferð.
- ✓ Smáþjóðaleikar – blakið er með 35 þátttakendur í leikunum sem er mjög jákvætt. Nokkuð öflugt fylgdarlið fer með okkar fólki og færri mega það ekki vera, 3 þjálfarar, 2 liðsstjórar, 1 fararstjóri og 1 dómari.

Fundi slitið kl. 18.15

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð